

X. KAFLI

Brottfallin lög o. fl.

62. gr.

Frá gildistöku laganna falla úr gildi þessi lög og lagaákvæði:

1. Erfðalög nr. 42 23. maí 1949.
 2. Opið bréf 15. janúar 1768 um það, hvernig farið skal með arf, sem afbrota-manni tæmist, meðan hann er að taka út hegningarvinnu.
 3. Konungsbréf 9. nóvember 1825 um meðferð yfirgefins arfs á Íslandi.
 4. Lög nr. 39 27. júní 1921, um stofnun og slit hjúskapar, 50. gr.
 5. Lög um afstöðu foreldra til skilgetinna barna, nr. 57 27. júní 1921, 24. og 25. gr.
 6. Lög um réttindi og skyldur hjóna, nr. 20 20. júní 1923, VIII. kaflí.
 7. Almenn hegningarlög nr. 19. 12. febrúar 1940, 265. gr.
 8. Lög um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna, nr. 87 5. júní 1947, 17. og 20. gr
- Svo falla og úr gildi öll önnur fyrirmæli í lögum, er fara í bága við lög þessi.

Gjört að Bessastöðum, 14. marz 1962.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Bjarni Benediktsson.

L Ö G

um breyting á lögum um skipti á dánarbúum og félagsbúum o. fl.,
nr. 3 12. apríl 1878.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með sam-
þykki mínu:

1. gr.

Við 46. gr. laganna bætist ný málsgrein, 3. málsgrein, svofelld:

Nú eru í búi munir, sem hafa sérstakt minjagildi fyrir tiltekna fjölskyldu, og skulu þá erfingjar, sem teljast til þeirrar fjölskyldu, eiga forgangsrétt til muna þessara.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 14. marz 1962.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Bjarni Benediktsson.